



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Málsnr. R17070034  
Skjalasafn Ráðhúss  
24. okt. 2017  
Bréfalykill: 3500

Þriðjudagur, 24. ágúst 2017

## Borgarráð Ráðhús Reykjavíkur

Tilvísun í mál R17070034 þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagssvið um neðangreinda fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu tillagna er varða aðstöðu íþróttafélagsins Fylkis.

*BORGARRÁÐ 6. júlí 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu tveggja tillagna er varða aðstöðu íþróttafélagsins Fylkis - R17070034*

*Á fundi borgarráðs 26. mars 2015 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að tekið yrði jákvætt í ósk Íþróttafélagsins Fylkis um lagningu gervigrass á keppnisvöll Fylkis gegn því að félagið gæfi eftir notkun á 1,4 hektara æfingasvæði milli Hraunbæjar og Bæjarháls sem hentar vel til þéttingar byggðar. Borgarráð samþykkti tillögu Sjálfstæðisflokksins með þeirri breytingu að erindi Fylkis yrði jafnframt vísað til gerðar hverfisskipulags. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka nú tillöguna og óska eftir upplýsingum um framvindu málsins. Nú er eru rúm tvö ár liðin frá því að umrædd tillaga var samþykkt og ætti því að vera búið að ganga frá samkomulagi við Fylki um vallarlagningu og uppbyggingu í tengslum við hana á grundvelli tillögunnar. Minnt er á tillögur Sjálfstæðisflokksins um að Reykjavíkurborg styrki framkvæmdir vegna áhorfendaaðstöðu Fylkis með sambærilegum hætti og gert hefur verið vegna slíkra framkvæmda hjá öðrum hverfisíþróttafélögum í borginni og er jafnframt óskað eftir upplýsingum um framvindu þess máls.*

### Umsögn

Tillaga að breyttu skipulagi á Fylkissvæðinu var í auglýsingu frá 15.02 – 01.05 2017. Í breytingunni er gert ráð fyrir að reisa fjögur 24 metra há ljósamöstur við keppnisvöll til að lýsa upp völinn. Töluvert af athugasemdum bárust frá nágrönnum og hafa fulltrúar Fylkis fundað með íbúum og öðrum hagsmundaadilum í kjölfarið. Athugasemdir voru aðallega um nálægð fyrirhugaðra ljósmastra við lóðir íbúðarhúsa við Brekkubæ og Deildarás, ljósmagnið og dreifing þess auk meiri notkunar á keppnisvölinum umfram það sem hefur verið hingað til. Verið er að vinna skýrslu um áætlað ljósmagn og dreifingu þess og möguleg áhrif á nærumhverfið sem íþróttafélagið stefnir að því að kynna fyrir íbúum á næstu vikum ásamt tillögu Fylkis að reglum um stýringu á ljósmagni, æfingatímum og almennri notkun gervigrasvallarins. Svör við athugasemdum og ábendingum á auglýsingatíma skipulagsins verða lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð í kjölfarið.

Tillag að deiliskipulagi fyrir uppbyggingu íbúðabyggðar ( um 170 íb.) á núverandi æfingasvæði yngri flokka Fylkis við Bæjarháls og Hraunbæ er í vinnslu. Tillagan verður lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð í september 2017.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi

